


Tel veiðileyfagjaldið óskynsamlegan og óréttlátan skattstofn

segir Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður

Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður og formaður sjávarútvegsnefndar Alþingis, sagði í erindi sínu fundinum á Akureyri um veiðileyfagjald að ekki þurfa að eyða tíma í að rífast um skýrslu hagfræðinga til að sjá að með greiðslu auðlindagjalds fari hagnaður eða eigið fé sjávarútvegsfyrirtækjanna út úr þeim og út úr byggðarlögum. Þar með verði þetta fjármagn ekki til staðar til uppbyggingar og fjárfestingar heima fyrir.

„Málið er ekki flóknara en þetta og hættum þessu rugli. Í mínum huga er það svo morgunljóst að starfsmenn sjávarútvegsfyrirtækjanna, sjómennirnir, fiskvinnslufólkid og íbúar sjávarútvegsbyggðarlaganna hafa deilt og munu deila kjörum með sjávarútvegnum á sínum slóðum. Þannig hefur þetta alltaf verið og mun alltaf verða,“ sagði Steingrímur.

Hann sagðist þeirrar skoðunar að veiðileyfagjald sé óskynsamlegur skattstofn og óréttlátur, nema því aðeins að það rynnir til sveitarfélaganna á viðkomandi slóðum. Veiðileyfagjald sé einnig sértækur skattur á grein sem skuldi nú þegar 100 milljarða króna og sé í brýnni þörf fyrir fjárfestingu og uppbyggingu inn í framtíðina. Veiðileyfagjaldið yrði til að hægja á greiðslum skulda fyrirtækjanna. Steingrímur nefndi einnig í rökum sínum að sjávarútvegurinn sé grein sem ætlast sé til að standi sig betur en ríkisstyrktar greinar í nálægum löndum. Greinin þurfi einnig á fjármunum að halda til endurnýjunar skípa og frystihúsa, til vörubróunar og fleiri þátta. Loks nefndi þingmaðurinn að óflög sjávarútvegsfyrirtæki með góða atkomu séu helsta



Steingrímur J. Sigfússon segir starfsmenn sjávarútvegsfyrirtækjanna, fiskvinnslufólkid, sjómennina og íbúa sjávarútvegsbyggðarlaganna deila kjörum með sjávarútvegnum og þeirra hagsmunir séu að hagnaður fyrirtækjanna rýftist helma fyrir en farir ekki út úr fyrirtækjunum.

Mynd: Jón

og nánast eina von landsbyggðarinnar. „Þetta atriði er elti og sér nægjanlegt til að ég hafni veiðileyfagjaldi. Það er ekki verið að gera þá hluti annars staðar í þjóðfélaginu sem geta manni til efni til mikillar bjartsýni á byggðapróun í þessu landi. Eina sem getur gefið vonir í þessari baráttu er að það gengur samlega hjá nokkrum sjávarútvegsfyrirtækjum og víða er töluverður uppgangur.“

Tilhneiging stjórnvalda til að lækka skattstofna sem einu sinni eru komnir á sagði Steingrímur vera vel þekkt og sú hættu yrði fyrir hendri varðandi veiðileyfagjaldið. Þá yrði greinin síðri fjárfestingarkostur fyrir fjárfesta.

„Loks er það atriði sem kannski hefði átt að byrja á, þ.e. að ég tel margar miklu betri leiðir til að leysa þau vandamál sem stuðningsmenn veiði-

leyfagjalds telja sig ætla að leysa með veiðileyfagjaldi. Því þá að fara út í þessi ósköp. Það er hægt að skattleggja hagnað fyrirtækja með almennum aðferdum, ef menn sjá ósjónum yfir leigu eða sölu veiðiheilmilda er hægt að skattleggja það sérstaklega. Vilji menn skattleggja veiðiheilmildirnar sérstaklega þá er auðvelt að gera það með því að láta viðskiptin fara yfir opinna markað þar sem verðið er gefið upp og hagnaðurinn liggur fyrir og hægt að taka eitthvað af honum í ríkissjóð. Ef veiðileyfagjald á að leggja á af réttlætisástæðum þá er gjaldtaka nú þegar til staðar. Ég tel að þá væri miklu betra að gera breytingar á fiskveiðistjórninni sem endurspegluðu þá þann vilja þjóðarinnar að um einhvers konar nýtingar- en ekki eignarrétt væri að ræða.“